

Nefndasvið Alþingis  
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 09. desember 2005  
Tilvísun: 2005110051/90.12  
ER/BH  
17.12.2005

**Efni: Umsögn um vegagerð um Stórasand, 43. mál.**

Með bréfl dags. 17. nóvember 2005 er beðið um umsögn um ofangreint málefni.

Sú leið sem um ræðir liggur úr uppsveitum Borgarfjarðar, yfir Stórasand og á Hringveg hjá Kjálka í Skagafirði. Einna styst er að fara um Arnarvatnsheiði, Stórasand, sunnan Blöndulóns og Gilhagadal í Skagafirði. Leiðin er um 125 km löng og liggur mest um hálendi, samkvæmt þeim hugmyndum sem menn hafa gert sér um legu þessarar leiðar. Til þess að leiðin geti talist flutningabraut þarf að gera nýjan veg alla leiðina og má nefna um 5 milljarða króna sem kostnað við það. Allvíða eru þjóðvegir (landsvegir) á sömu eða svipuðum slóðum en óuppbyggðir. Þó er ekki þjóðvegur yfir Stórasand.

Frekari stytting yrði síðan að leið yfir Kaldadal, sem tengdist þessari sunnan Norðlingafljóts, um 75 km löng. Sú leið er hluti af grunnneti þjóðvegakerfisins.

Ekki er lagt mat á greiðfærni hálendisvega að vetrarlagi en leiðir þær, sem hér um ræðir, liggja víða í mikilli hæð og verður að reikna með góðri og jafnframt kostnaðarsamri vetrarþjónustu við umferðina, meðal annars öryggisins vegna. Nefndar hafa verið um 100 m.kr. á ári.


**Umhverfisáhrif.**

Til þess að hægt verði að meta þau umhverfisáhrif sem slík vegagerð veldur þarf að velja (finna) vegarstæðið á nákvæmum kortum og mæla fyrir veginum. Hér má geta þess að tveir vindmælar voru settir upp á leiðinni haustið 2004 en niðurstöður þeirra hafa ekki verið teknar saman.

Það sem virðist við fyrstu sýn að þurfi helst að leggja áherslu á við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegleiðar um Stórasand eru víðerni, lífríki á Arnarvatnsheiði, álf og himbrimi, auk jarðminja, votlendis og fornleifa. Á náttúruminjaskrá eru meðal annars Arnarvatnsheiði og Tvidægri og einnig Arnarvatn.

Vinna við mat á umhverfisáhrifum tvöhundrað kílómetra langrar veglínu er býsna mikil. Er afar hæpið að leggja í þá vinnu nema fjárveitingar til verksins liggi fyrir á samgönguáætlun, eða fjármagn tryggt með öðrum hætti.


Við gerð samgönguáætlunar 2003 var mörkuð sú stefna að fjórar hálendis-leiðir yrðu í grunnneti þjóðvegakerfisins, Fjallabaksleið nyrðri, Sprengisandur, Kjalvegur og Kaldidalur og er gert ráð fyrir dálítlum fjárframlögum til uppbyggingar þeirra.



Vegagerðin telur rétt að umrædd leið um Stórasand yrði sett inn í grunnnetið áður en til verulegra undirbúningsframkvæmda kemur.

Lengstum hefur verið lögð meiri áhersla á að bæta vegi um byggðir landsins en hálendisvegi. Þó vegakerfið hafi batnað verulega á síðustu áratugum er enn talin ærin þörf fyrir margs konar úrbætur, ekki síst á aðal flutningaleiðunum.

Virðingarfyllst,

  
Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.